

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 2. september 2021
UST202103-148/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr. 2 (900.02.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Vestmannaeyjum

Umhverfisstofnun barst þann 30. ágúst sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Vestmannaeyjum. Geymirinn er nr. T1080, / nr. 2 (900.02.00) í birgðastöðinni, Vestmannaeyjum. Geymirinn er 1.000 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1978 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 24. ágúst 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í mjög góðu ásigkomulagi að innanverðu og lítur afar vel út að utanverðu. Gólf er málað ásamt hluta af neðsta umfari. Gamlir tæringarpyttir eru greinanlegir bæði utan á geymi og að innan en hafa verið sandblásnir og málaðir.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri